

Til Byggðaráðs

Við undirritaðar óskum eftir styrk frá Dalabyggð til að halda jólaball og Pálinuboð í félagsheimilinu Tjarnarlundi. Ekki yrði selt inn á þessa jólagleði en óskað verði eftir að þeir sem mæta leggi til með sér eina sort á veisluborðið. Styrkurinn væri sá að við fengjum afnot af félagheimilinu endurgjaldslaust en við sjáum að sjálfsögðu um að þrifa eftir okkur sjálfar. Ef styrkurinn er samþykktur þá veljum við dag í desember sem ekki væri útleigður annað en viljum ekki festa dag fyrr en veðurspá liggur fyrir. Líklegast væri að þetta yrði milli jóla og nýárs.

Bestu kveðjur

Ragnheiður Pálsdóttir Kverngrjóti

Hugrún Reynisdóttir Kjarlaksvöllum